

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 28.mars 2018 kl. 13:00 á skrifstofu hrepps í Norðurfirði.

Mætt eru: Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi, Ingólfur Benediktsson Árnesi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar.
2. Erindi frá Söru Jónsdóttur.
3. Ráðstafanir varðandi vatnsmál í Norðurfirði.
4. Staðan varandi eldhús í íbúð 1 í kaupfélagshúsi.
5. Erindi frá Ólafi Valssyni varðandi neyðarútgang úr íbúð 3 í kaupfélagshús.
6. Norðurfjarðarhöfn m.a. vetrarnýting.

1.Erindi frá rekstraraðilum Kaffi Norðurfjarðar. Ákveðið var skoða kæla þegar starfsemin er komin í gang í sumar. Ingólfur hefur tekið að sér að skoða loftræstinguna á salernum. Guðlaugur sér um að skipta út peru í geislunartæki og ákveðið var einnig að heimila innkaup á glösum og fleiru fyrir kr. 35.000,- . Ennfremur verður bent á að best sé að fá óskir um stærri verkefni á haustin sem er mikilvægt vegna vinnu við fjárhagsáætlun.

2.Erindi frá Söru Jónsdóttur. Hreppsnefnd telur sér ekki fært að útvega íbúðarhúsnæði þar sem allt húsnæði í eigu hreppsins er upptekið. Möguleiki er fyrir leigutaka kaffihússins að fá leigt herbergi í skólanum sem er þó ýmsum annmkörkuð háð þar sem margar helgar í sumar eru þegar fullbókaðar.

3. Ráðstafanir varðandi vatnsmál í Norðurfirði. Borun eftir köldu vatni í Norðurfirði er enn í biðstöðu en vonast er eftir því að af henni geti orðið með vorinu þegar Ræktunarsamband Flóa og Skeiða klárar borvinnu í Bjarnarfirði. Nú er vatnið í kaupfélagshúsinu í góðu lagi og vonast hreppsnefnd til þess að hægt verði að bæta vatnsgæðin líka í Kaffihúsinu/fiskhúsi fram að því að nýtt vatn verður aðgengilegt.

4. Staðan varðandi eldhús í íbúð 1 í kaupfélagshúsi. Eldhúsinnréttingin er komin norður og gólfefni koma alveg næstu daga. Bjarnheiður ætlað að tala við nýjan smið þar sem sá er áður ætlaði að koma getur ekki mætt í verkefnið. Þegar er búið að tala við aðra smiði og þarf þá að ganga frá því að viðkomandi geti einnig tekið að sér skipti á gluggum í kaffihúsi og kennarabúð. Ákveðið var að ræða jafnframt við málara og rafvirkja. Byrjað verður á niðurrifi eftir páska.

5. Erindi frá Ólafi Valssyni varðandi neyðarútgang í íbúð 3 í kaupfélagshúsi. Gengið verður frá því að smiður sem kemur til starfa við uppsetningu á áðurnefndri eldhúsinnréttingu muni taka þetta mál að sér líka.

6. Norðurfjarðarhöfn m.a. vetrarnýting. Reka þarf enn frekar á eftir uppsetningu á siglingaljósum við höfnina sem dregist hafa úr hömlu. Þegar hafa orðið óhöpp í tvígang vegna aðkomu báta í myrkri inn í höfnina. Oddviti mun ræða við Ólaf Valsson varðandi erindi hans um uppsetningu legufæra fyrir skútur. Ennfremur er mjög brýnt að fá rafvirkja til að gera við löndunarkrana á stóru bryggjunni. Ýmis mál þarf að leiða til lykta, svo sem að tryggja nægan ís fyrir veiðarnar í sumar og ákvað hreppsnefnd einnig að mótmæla nýjum reglum sem fækka strandveiðidögum.

Í lok fundar bar Ingólfur Benediktsson fram fyrirspurn um lóð undir Ingólfshúsi á Eyri, oddviti mun athuga málið og gefa svör um niðurstöður sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00